

*bænda*  
FERÐIR

# AÐVENTUÆVINTÝRI VIÐ WOLFGANGSEE



**25. nóvember – 2. desember 2025**  
**Fararstjórn: Elísabet Sveinsdóttir**

Aðventuferð  
Austurríki | Þýskaland

## Ferðalýsing

Verið velkomin með í aðventuævintýri inn á milli Alpafjallanna í hinu dásamlega Salzburgerlandi í Austurríki sem er sérlega heillandi á þessum árstíma. Borgir og bæir skarta sínu fegursta og ilmur frá jólaglöggi og piparkökum svífur um. Flogið er til München og þaðan haldið til St. Wolfgang við Wolfgangsee þar sem fegurðin er töfrandi á þessum tíma og við látum dekra við okkur á hóteli við vatnið. Ljúfar ferðir verða í boði m.a. til Salzburg sem er svo sannarlega einn af gimsteinum Evrópu. Við förum í siglingu til Strobl og St. Gilgen sem er einstaklega töfrandi bær og sér í lagi á aðventunni. Aðventublærinn er áþreifanlegur í Hallstatt við Hallstättersee sem er einn fallegasti staður Salzkammergut héraðsins en bærinn og umhverfi hans er á heimsminjaskrá UNESCO. Við njótum dýrðarinnar í bænum St. Wolfgang og förum með aðventulest upp á Schafberg Alm. Að síðustu lætur ljósadýrðin ekki á sér standa í bænum Bad Ischl sem er þekktur fyrir heilsulindir og hrífur alla en á 19. öld heilluðust Franz Joseph I, keisari Habsborgara, og Sisi kona hans af dásamlegri staðsetningunni og náttúrufegurðinni sem umvefur staðinn.

### 8 dagar | 7 nætur í St. Wolfgang



#### 25. nóvember | Flug til München & St. Wolfgang við Wolfgangsee

Brottför frá Keflavík kl. 07:20 og landing í München kl. 12:05 að staðartíma. Nú verður ekin falleg leið til St. Wolfgang við Wolfgangsee í Salzkammergut héraðinu þar sem fegurðin við vatnið er töfrandi á þessum árstíma. Gist verður í sjö nætur í bænum St. Wolfgang.

#### 26. nóvember | Aðventudýrð í Salzburg



Salzburg er svo sannarlega einn af gimsteinum Evrópu og þangað verður haldið í dag. Við förum í stutta skoðunarferð, byrjum í Mirabell garðinum og göngum eftir Getreidegasse sem er með elstu og þekktustu götum borgarinnar. Þar er að finna mjög áhugavert Mozart safn. Farið verður um Gullgötuna á leið að dómkirkjunni og á Mozart torgið svo fátt eitt sé nefnt.

Einnig verður tími til að kanna iðandi mannlíf borgarinnar. Tilvalið er að líta á Hohensalzburg kastalann sem er eins og kóróna borgarinnar. Þar var hluti kvikmyndarinnar Söngvaseiður tekinn upp og kastalinn setur heillandi svip á borgina.

## 27. nóvember | Ljúfur dagur í St. Wolfgang



St. Wolfgang við samnefnt vatn er ævintýrlegur bær sem áður var mikilvægur áfangastaður pílagraíma. Hann hefur frá alda öðli tekið á móti gestum og enn í dag eru fjölmargir sem koma hingað til að njóta á aðventunni. Bærinn er einstakt augnayndi ótrúlega fallega skreyttur og sérstaka athygli vekur upplýst, stór jólabjalla úti á vatninu. Í dag ætlum við að fara saman í smá rölt um bæinn en eftir það verður frjáls tími til að kanna líf bæjarbúa á eigin vegum.

## 28. nóvember | Aðventusigling á Wolfgangsee til St. Gilgen & Stobl

Í dag verður farið í aðventusiglingu frá St. Wolfgang til St. Gilgen, sem er fæðingarbær móður Mozarts. Bærinn er einstaklega fallegur, sér í lagi á aðventunni og einnig verður siglt til Strobl, en þetta eru aðal bæirnir við Wolfgangsee vatnið. Aðventustemning og ljósadýrð er mikil á þessu svæði, skemmtileg veitinga- og kaffihús og iðandi mannlíf. Hér má finna líflega aðventumarkaði með fallegu handverki og trútskurði.



## 29. nóvember | Aðventutöfrar í Hallstatt & Hallstättersee




Að morgunverði loknum verður ekin í rólegheitum falleg leið til bæjarins Hallstatt. Bærinn og landsvæðið umhverfis hann var skráð á heimsminjaskrá UNESCO árið 1996. Þetta er yndislegur bær sem gaman er að rölta um. Við lítum m.a. inn í beinakirkjuna sem er með mjög merkilegu, útskornu altari frá árinu 1520 og skoðum hauskúpu graphýsið sem tengt er kirkjunni. Að því loknu gefst drjúgur tími til að njóta þess að vera á þessum dásamlega stað áður en aftur

verður ekið á hótelið.

## 30. nóvember | Dagur í St. Wolfgang & aðventulest upp á Schafberg Alm fjallið

Rólegur dagur í St. Wolfgang, nú er hægt að taka því rólega og njóta dýrðarinnar við Wolfgangsee vatnið og nota aðstöðuna við hótelið. Ef veður leyfir förum við með aðventulest upp á Schafberg Alm, heimafjallið í St. Wolfgang sem er 1364 m, þar sem við fáum okkur hressingu saman en náttúrufegurðin og útsýnið yfir vatnið og fjallahringinn er dásamlegt.



## 1. desember | Heilsulindir Bad Ischl - Keisaraborgarinnar



Í hjarta Salzkammergut svæðisins, umvafinn ánum Traun og Ischl, liggur bær heilsulindanna, Bad Ischl. Strax á 19. öld heilluðust hjónin Franz Joseph keisari Habsborgara og Sisi kona hans af bænum, dásamlegri staðsetningu og náttúrufegurðinni allt um kring. Á rólegri göngu um bæinn, sem þekktur er undir nafninu Keisaraborgin, upplifum við konunglega fortíð hennar en margar aðrar þekktar persónur sóttu borgina heim og

gerðu hana að hjarta heimsborgara í Austurríki. Borgin er glæsileg á aðventunni og við ætlum að njóta til fulls alls þess sem hún býður upp á. Þar má nefna hrífandi jólamarkaði en einnig gefst góður tími til að líta inn á kaupmenn borgarinnar og auðvitað er mikið af keisaralegum kaffi- og veitingahúsum sem gaman er að heimsækja.

## 2. desember | Heimferð München

Nú er komið að heimferð eftir ljúfa daga við Wolfgangsee. Eftir morgunverð verður ekið til München. Brottför þaðan kl. 13:00 og landing í Keflavík kl. 16:00 að staðartíma.

Fararstjóri getur fært dagskrárliði á milli daga eftir þörfum þegar komið er á staðinn.



### Verð

**299.900 kr. á mann í tvíbýli** | 89.100 kr. aukagjald fyrir einbýli.

### Innifalið

- ✓ Flug með Icelandair og flugvallarskattar.
- ✓ Gisting í 2ja manna herbergi með baði.
- ✓ Morgun- og kvöldverður á hóteli.
- ✓ Allar skoðunarferðir með rútu samkvæmt ferðalýsingu.
- ✓ Íslensk fararstjórn.

### Ekki innifalið

- ✓ Aðgangseyrir inn í söfn, hallir og kirkjur.
- ✓ Siglingar, vínsmökkun og kláfar.
- ✓ Hádegisverðir.
- ✓ Þjóf fé.



## Valfrjálst

- ✓ Aðventusigling á Wolfgangsee u.þ.b € 11.
- ✓ Aðventulest upp á Schafberg Alm fjallið u.þ.b € 36.

## Hótel

- ✓ Strandhotel Margaretha í St. Wolfgang.

## Nánari upplýsingar

Vert er að hafa í huga að þrátt fyrir að Bændaferðir séu alla jafna þægilegar rútuferðir er alltaf einhver ganga, t.d. í bæjarferðum. Margar evrópskar borgir eru bæði hæðóttar og ójafnar undir fæti og aðgengi að áfangastöðum þannig að leggja þarf rúttunni mislangt frá. Ef þú hefur einhverjar vangaveltur varðandi þetta vinsamlegast ekki hika við að hafa samband við skrifstofu Bændaferða.

